

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2021

2024/EES/7/02

frá 23. apríl 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1564 frá 6. ágúst 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/985 að því er varðar umbreytingar-ákvæði hennar til þess að bregðast við áhrifum af völdum COVID-19-hættuástandsins ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 40c (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/985) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 1564**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1564 frá 6. ágúst 2020 (Stjtið. ESB L 358, 28.10.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1564, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 358, 28.10.2020, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.